

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB frá 20. febrúar 2004 um tilhögun við framlagningu upplýsinga um skipulags- eða framkvæmdaáætlanir sem krafist er samkvæmt tilskipun ráðsins 96/62/EB með tilliti til viðmiðunarmarka fyrir tiltekin mengunarefni í andrúmslofti ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ah (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/279/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21ai. **32004 D 0224**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB frá 20. febrúar 2004 um tilhögun við framlagningu upplýsinga um skipulags- eða framkvæmdaáætlanir sem krafist er samkvæmt tilskipun ráðsins 96/62/EB með tilliti til viðmiðunarmarka fyrir tiltekin mengunarefni í andrúmslofti (Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 27).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Kóðarnir „, Ísland: IS, Liechtenstein: LI, Noregur: NO“ bætist við á eftir kóðanum „Sameinaða konungsdæmið: UK“ í athugasemdum við **eyðublað I** í viðauka við ákvörðunina.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/224/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 54.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 27.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.